

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, fyrir hönd Landsbankans, 20 kr.

Málsskotinu á hendur Jóni Magnússyni bæjarfógeta vísast frá yfirdóminum, og greiði áfrýjandi honum í málskostnað 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. des. 1915.

Nr. 4/1915: Sveinn Björnsson f. h.  
C. F. Müller, Seligmann & Nathan  
gegn  
Jóni Laxdal.

#### D ó m u r :

Í febrúarmánuði 1913 pantaði stefndi, Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík skófatnað hjá firmanu C. F. Müller, Seligmann & Nathan í Kaupmannahöfn. Tæpir  $\frac{2}{3}$  hlutar af hinum pantaða skófatnaði voru stefnda sendir í marzmánuði s. á., en eftirstöðvarnar í apríl s. á. Stefndi veitti þeirri sendingunni móttöku, sem send var í marzmánuði, en neitaði að taka á móti hinum síðari sendingum, af því að þær hefðu komið of seint, og sendi þær aftur. — Firmað neitaði því að stefndi hefði rétt til að neita móttöku á sendingum þessum, og virðist ekki hafa tekið á móti þeim. Höfðaði svo umboðsmaður firmans, Sv. Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, mál gegn

stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu á andvirði hins endursenda skófatnaðar kr. 1480.85, ásamt vöxtum og málskostnaði. Var málið dæmt í bæjarþinginu 6. ágúst f. á. á þá leið, að ef stefndi ynni eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hann hefði gert það að beinu skilvirkni við pöntun á skófatnaðinum hjá firmanu C. F. Müller, Seligmann & Nathan, að skófatnaðurinn skyldi allur sendur með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz 1913, þá skyldi hann vera sýkn af kröfum áfrýjanda og málskostnaður falla niður, en treysti hann sér ekki til að vinna eiðinn skyldi hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 85 aura með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 og málskostnað með 30 kr.

Bæjarþingsdómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. jan. 1915, og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1480,25 með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hins vegar krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Sýknun sína byggir stefndi á því, að við pöntun sína hafi hann áskilið að allur skófatnaðurinn yrði sendur með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá



Kaupmannahöfn 8. marz, og með þeirri ferð var sú skófatnaðarsending send, sem stefndi tók á móti.

Áfrýjandi játar að vísu að stefndi hafi í fyrstu farið fram á það, að hin pantaða skóvara væri send öll í einu með umgetinni ferð Botniú, en hann heldur því fram, að sá af forstjórum firmans, sem stefndi átti tal við, hafi þegar í stað skýrt stefnda frá því, að með því að allur hinn pantaði skófatnaður væri eigi tilbúinn gæti firmað eigi lofað þessu, en að það hinsvegar skyldi gera alt, sem það gæti til að afgreiða pöntunina með umræddri Botniuferð, og hafi stefndi látið sér það lynda. Þessu til sönnunar hefir firmað lagt fram í málinu eftirrit af bréfi til stefnda, dags. 11. febr. 1913, þar sem svo er tekið til orða, að skófatnaðurinn muni, »saa vidt muligt«, verða sendur með Botniú í marz, og segir áfrýjandi að þessu bréfi hafi fylgt eftirrit af pöntunarlista (Ordrekopi), þar sem hin sama athugasemd hafi verið rituð. Ennfremur hefir firmað að fengnu kgl. leyfisbréfi til að leggja fram ný sönnunargögn, lagt fram hér fyrir réttinum eiðfestan framburð eins af starfsmönnum sínum, um hvað fram hafi farið milli þess og stefnda, og er skýrsla þessa vitnis samhljóða skýrsla áfrýjanda um vörupöntunina.

Stefndi neitar því eindregið að hann hafi fengið nefnt bréf frá 11. febr., en viðurkennir þó að hann hafi fengið afrit af pöntunarlista yfir vörurnar frá firmanu í febrúar, en segir um lista þenna, að hann minnst þess eigi, að á þeim lista hafi staðið nokkuð, sem gæti raskað hinum fyrri samningum um sendingu skófatnaðarins, og hann neitar því að þar hafi

staðið orðin »saa vidt muligt«; framburði vitnisins neitar hann einnig sem röngum og mótmælir að nokkurt tillit sé tekið til hans, þar sem vitni þetta sem verandi í þjónustu firmans, verði að teljast vilhált í þessu máli.

Það verður nú að líta svo á, að firmað hafi ekki gegn neitun stefnda fært nægar sannanir fyrir því að það hafi áskilið sér frest til afgreiðslu á umgetnum skófatnaði fram yfir ferð Botnía 8. marz, en hins vegar hefir firmað fært svo miklar líkur fyrir þessu, að rétt virðist, svo sem undirdómarinn hefir gert, að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði stefnda þannig, að synji hann fyrir það með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) gerði skófatnaðarpöntun sína hjá því í febrúar 1913, hafi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskípinu Botnía, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz 1913, með orðunum »saa vidt muligt« þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu og málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi að falla niður, en ef hann vinnur ekki eiðinn, þá greiði hann umstefndar 1480 kr. 25 auru með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 19. marz 1914 til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum réttum með 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega sem stefndi, Jón Laxdal, eftir löglegan undirbúning synjar fyrir það með eiði



á varnarþingi sínu, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) í febrúar 1913 pantaði skófatnað hjá firmanu, hafi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz s. á., með orðunum »saa vidt muligt«, þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Sveins Björnssonar f. h. nefnds firma í þessu máli, og fellur málskostnaður niður, en vinni stefndi ekki eiðinn skal hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 25 aur. með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað með 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 50/1915.

A. Obenhaupt  
gegn

Einari Þorgilssyni.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 23. júlí þ. á., var áfrýjandi þessa máls A. Obenhaupt umboðssali hér í bænnum, dæmdur til að greiða